

Sextándi fundur nefndar. Haldinn í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 13.08.2019.
Fundur hófst kl. 11:45.

Fundinn sátu: Óli Halldórsson (formaður), Líneik Anna Sævarsdóttir, Margrét Hallgrímsdóttir, Inga Sæland, Steinar Kaldal.

Gestir: Ingibjörg Halldórsdóttir, lögfræðingur hjá Land Lögmönnum og Sigríður Svana Helgadóttir lögfræðingur á skrifstofu landgæða, umhverfis- og auðlindaráðuneytinu (UAR).

Forföll boðuðu: Halldóra Mogensen, Bergþór Ólason, Steingrímur J. Sigfússon, Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, Hanna Katrín Friðriksson, Vilhjálmur Árnason, Dagbjört Jónsdóttir.

Fundagerð ritaði: Steinar Kaldal, verkefnisstjóri.

Þetta gerðist:

1. Kynning – Drög að frumvarpi

Ingibjörg Halldórsdóttir lögfræðingur kynnti drög að frumvarpi um miðhálandisþjóðgarð. Nefndin sendi áherslur sínar varðandi frumvarpið til UAR í byrjun júlí sl. og eru drögin byggð á þeim áherslum.

Eftir yfirferð Ingibjargar kom fram meðal nefndarmanna sem sátu fundinn að mikilvægt væri að fleiri nefndarmenn tækju þátt í umræðum um drögin. Því var ákveðið að lögfræðingarnir kæmu á næsta fund nefndar og færu yfir drögin aftur. Í millitíðinni hefði nefnd tækifæri til að kynna sér drögin betur og koma athugasemdum á leiðis á vinnusvæði nefndar/til verkefnisstjóra sem sendar yrðu lögfræðingunum.

Næsti nefndarfundur er áætlaður 27. ágúst. Gert er ráð fyrir lögfræðingunum á þann fund nema nefnd ákveði annan fundartíma.

2. Önnur mál

Rætt var stuttlega um verkefnið *Fjármögnun fyrir stofnun þjóðgarðs*. Ákveðið var að óska eftir því að starfsmenn á sviði fjármála og rekstur í umhverfis- og auðlindaráðuneytinu kæmu á þann. Verkefnisstjóra falið að skipuleggja það.

Fleiri gerðist ekki og var fundi slitið 13:05.